

gulli og erlendri gullmynt skuli hvert kilogram af skiru gulli nema 2480 krónum. Kemur það heim við peningalögin frá 23. maí 1873, sem ákveða, að í 2480 krónum í gullmynt, skuli vera 1 kilogram af skiru gulli. Verður rétturinn því að vera stefndum samdóma um það, að þessi sé merking orðsins »nafnverð« í hinni umræddu lagagrein og á því nafnverði sé Íslandsbanka skylt að selja ríkissjóði gullforða sinn, er losnar úr seðlatryggingu, en það er nákvæmlega það verð, sem ríkisstjórnin hefir greitt fyrir gull það, er umræðir í þessu máli.

Það er að sjálfsögðu tilfinnanleg kvöð, sem lögð er á bankann með þessu lagaákvæði, því auðvitað myndi hann geta fengið mun meira fyrir gullið hjá öðrum, en þess ber að gæta, að bankinn hefir að áliti réttarins undirgengizt þessa kvöð, enda fylgdu henni stórir hagsmunir fyrir bankann, þar sem seðlar hans voru gjörðir óinnleysanlegir einnig gagnvart Landsbankanum, því að öðrum kosti hefði Landsbankinn getað heimtað af Íslandsbanka gull hans fyrir Íslandsbankaseðla á nákvæmlega sama verði og hér er álitid að bankinn eigi að fá fyrir gullið, og það án tillits til þess, hvort gullið var laust úr seðlatryggingunni eða ekki.

Það verður því að áliti réttarins að sýkna stefndan af kröfum stefnanda í þessu máli og dæma stefnanda til að greiða stefndum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 1500 krónur.

Umboðsmenn aðilja — sérstaklega umboðsmaður stefnanda — hafa haft marga og langa fresti í málinu, en fyrir því eru færðar ástæður.

Mánudaginn 21. okt. 1929.

Nr. 74 1929.

Valdstjórnin (Magnús Guðmundsson)
gegn

Wilhelm Behrens (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 17. maí 1929: Kærði, Wilhelm Behrens, á innan fjöggra vikna að greiða sekt til Landhelgissjóðs Íslands, að upphæð kr. 12500.00 en afplána hana með sjö mánaða einföldu fangelsi fáist hún

ekki greidd. Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs-í togaranum »Hansa«, S. D. 148 frá Altona, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða lögreglu-réttardómi, var skip kærða með stjórnborðsvörpu í sjó, er varðskipið Þór stöðvaði það kl. 11,49 síðdegis þann 15. maí þ. á., og var skipið þá samkvæmt mælingu varðskipsins 0,1 sm. utan landhelgislinunnar. Samkvæmt skýrslu varðskipsforingjans hafði nefnt botnvörpuskip haldið út frá landinu síðustu 36 mínúturnar og miðunarlínur frá varðskipinu til botnvörpungsins kl. 11,13 og kl. 11,21 sýna, að kærði hefir á þessum tíma verið langt inni á landhelgissvæðinu, svo sem ljóslega má sjá á sjókorti, er lagt hefir verið fram í réttinum og forstöðumaður stýrimannaskólans hefir markað á miðanir og mælingar varðskipsins. Hinsvegar hefir kærði viðurkennt, að hann síðasta $\frac{1}{2}$ tímamann hafi verið að fiska með botnvörpu í sjó.

Með þessum skýrslum er það fullsannað, að kærði hefir á fyrgreindum tíma verið að botnvörpuveiðum í landhelgi og með því gjörzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, og með því að fallast má á ákvæði dómsins um upphæð sektar, upptöku veiðarfæra og um málskostnað, ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan kostnað málsins fyrir hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, 80 kr. til hvors.

Það athugast, að sjókort það, er lagt hefir verið

fram í lögregluréttinum, hefir ekki fylgt réttargjörðun-
um til hæstaréttar.

P v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað,
þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá
birtingu dóms þessa.

Kærði, Wilhelm Behrens, greiði allan kostnað
sakarinnar í hæstarétti, þar með talin málflyt-
ningslaun sækjanda og verjanda hér í rétti, málflyt-
ningsmannanna, Magnúsar Guðmundssonar og
Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Kærði í máli þessu, Wilhelm Behrens, f. 11. marz 1876,
skipstjóri á togaranum Hansa, S. D. 148 frá Altona, er sakaður
um að hafa verið að fiskiveiðum á landhelgissvæðinu undan
Ingólfshöfða á nefndu skipi 15. þ. m., og eru nánari atvik
þessi, samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu »Þór«.

Þegar »Þór« kom að Ingólfshöfða seint að kvöldi nefndan
dag, sáust frá honum ýmsir togarar að veiðum og meðal
þeirra togarinn »Hansa«, sem virtist næstur landi. Kl. 11,13
s. d., sást togarinn stefna út frá landi og miðaðist í línu, sem
lengi liggur um þvert landhelgissvæðið. Nokkru síðar (kl. 11,21)
miðast togarinn enn í línu, nokkuð utar, sem einnig liggur
lengi um landhelgissvæðið, hvorttveggja miðað við »Þór«,
sem þar var þá. Þegar kl. var 11,49, var komið að togaranum
og þar eð dimmt var orðið, var sett út ljósboja á þessum
stað. Var togarinn með stjórnborðsvörpu í sjó þegar komið
var að honum. Klukkan 1,30 og klukkan 2,50 næst á eftir,
voru staðarákvarðanir gjörðar við bojuna og kom í ljós eftir
báðum þessum mælingum, að hún var 0,1 úr sjómilu utan
landhelgislinunnar.

Kærði hefir að vísu viðurkennt að hafa verið að toga með

botnvörpu þennan tíma, sem skip hans var athugað frá »Þór«, en neitar hinsvegar að hafa þá verið á landhelgissvæðinu. Hefir hann aðallega til varnar sér kompásmiðanir, sem hann tók um borð í varðskipinu, og að hann eftir þeim hafi verið svo langt fyrir utan línuna, þegar hann var stöðvaður (0,6 úr sjómílu), að hann hafi ekki komið inn fyrir hana meðan hann togaði, því að skip sitt hafi þá verið að snúa og haft litla ferð.

Móti þessu verður að taka fram, að þegar kostur er á því að taka hornmælingar með nákvæmum áhöldum, virðist sjálf-sagt að gjöra það og leggja þær til grundvallar, en ekki kompásmiðanir, sem eftir hlutarins eðli hljóta að verða óábyggilegri. Í þessu tilfelli voru teknar tvennar hornmælingar, sem báru hið sama um stað þann, sem skip kærða var stöðvað á. Þykir því engin ástæða til þess, að þær séu ekki teknar til greina, heldur verður algjörlega að byggja á þeim í þessu máli. Og þar eð skip kærða eftir því var tæpa 200 metra frá landhelgislinunni, þegar það var stöðvað, og þó nokkurn tíma hafði fjarlægzt landið, og auk þess sést í miðunarlinum, sem það hlaut að vera í, þar sem þær lágu um landhelgissvæðið, verður að telja nægilega sannað í máli þessu, að kærði hafi verið að toga á landhelgissvæðinu og með því brotið gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi. Með því að hér er um 1. brot kærða á þessum lögum að ræða, og með hliðsjón af því, að dagsgengi krónunnar er kr. 81,65 úr gullkrónu, þykir refsing hans hæfilega ákveðin sekt, að upphæð kr. 12500.00, sem greiðist innan fjöggra vikna til Landhelgissjóðs Íslands, en aflánist með sjö mánaða einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.